7. Jafnvel þótt útflutningsgjaldið á árinu 1922 hafi numið c. 800000 kr., þykir þó eigi varlegt að áætla það hærra en á fjárlögum 1924, eða 700000 kr., því gjald þetta er altaf nokkuð óvíst.

8. Áfengistollur hefir að vísu eigi numið meiru en 338000 kr. á árinu 1922, en forstöðumaður áfengisverslunar telur óhætt að áætla þennan toll jafnháan og 1924, eða 350000 kr.

9. Tóbakstollur er á fjárlögum 1924 áætlaður 400000 kr., en þar sem hann árið 1922 aðeins hefir numið 339000 kr., virðist eigi varlegt að áætla þennan toll hærri en 350000 kr.

10. Kaffi- og sykurtollur er látinn halda sjer eins og hann er áætlaður fyrir árið 1924, enda þótt tollur þessi á árinu 1922 hafi numið nokkru meiru.

11. Vörutollur er einnig áætlaður með sömu upphæð og 1924. Þessi tollur nam 1922 1.316000 kr.

12. Annað aðflutningsgjald virðist mega hækka um 20000 kr., þar sem það 1922 nam 125000 kr.

13. Gjald af konfekt- og brjóstsykurgerð er áætlað með sömu upphæð og 1924.

14. Stimpilgjald er sömuleiðis áætlað með sömu upphæð og 1924. Gjald þetta nam að vísu 1922 kr. 358000, en þessi gjaldstofn er nokkuð reikull.

15. Lestagjald af skipum verður ekki áætlað hærra en 30000 kr., því gjald þetta nam árið 1922 eigi meiru en 36800 kr.

16—17. Pósttekjur og símatekjur eru áætlaðar með sömu upphæðum og 1924.

18. Eftir því sem forstöðumaður áfengisverslunarinnar hefir látið uppi, þykir eigi varlegt að áætla tekjur af víneinkasölu ríkisins hærri en 250000 kr.

19. Tekjur af tóbakseinkasölu hafa árið 1922 eigi orðið meiri en 100000 kr., en á því verður ekki bygt, því að þá voru miklar birgðir af tóbaki og vindlum í landinu, en þær munu nú þrotnar, og þykir því óhætt að áætla tekjur þessar með sömu upphæð og á fjárlögum 1924, eða 200000 kr.

20. Samkvæmt álitum forstjórnar Landsverslunar má áætla gjald þetta 60000 kr.

21—22. Skólagjöld og bifreiðaskattur eru áætluð með sömu upphæðum og 1924.

Um 3. gr.

1—3. Tekjur samkvæmt þessari grein þykir rétt að hækka um 10000 kr., því forstöðumaður silfurbergsnámana telur óhætt að áætla tekjur af silfurbergi 1925 20.000 kr.

Um 4. gr.

1. Tekjur af bönkum þykir ekki ráðlegt að áætla hærri en 100000 kr., þar sem áætla má að seðlaumferð minki mikið. Árið 1922 námu tekjur þessar aðeins 70000 kr.

2. Tekjur af Ræktunarsjóði eru áætlaðar með sömu upphæð og 1924.

3. Vextir af bankavaxtabrjefum eru nokkuð lækkaðir vegna þess að árlega er dregið út nokkuð af bankavaxtabrjefum þessum.

4—5. Áætlað með sömu upphæðum og áður.

6. Vextir af innstæðum í bönkum verða eigi áætlaðir hærri en 5000 kr., því tekjur þessar urðu eigi nema 6000 kr. á árinu 1922.

7. Eftir greiðslum þeim, sem Landsverslunin hefir greitt á þessu ári, virðist mega áætla þessa tekjugrein 200000 kr.

Um 5. gr.

1. Óvissar tekjur virðist, eftir reynslu undanfarandi ára, mega áætla talsvert hærri en gert hefir verið síðastlinn ár. Þó eru tekjur þessar að þessu sinni eigi áætlaðar hærri en 50000 kr.

2. tekjuliður í gildandi fjárlögum fellur burtu, því nefnd lán eru öll upp greidd, og lítil líkindi til, að samskonar lán framvegis verði veitt.

2. Sama upphæð áætluð og á fjárlögum 1924.

VIÐ GJALDABÁLKINN.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af lánnum ríkissjóðs eru samningsbundnar, og verður þeim eigi breytt í meðferð þingsins. Skrá yfir þessar greiðslur er tekin hjer upp í athugasemdirnar eins og gert var við síðasta frumvarp til fjárlaga.

Greiðslur af lánnum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans.

I. Vextir:

1. 4 ¹ / ₂ % lán, tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr. til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans	kr.	kr.
		32062,50
2. 4 ¹ / ₂ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans		6843,74
3. 4 ¹ / ₂ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)... ..		4500,00
4. Ritsímalánið 1913, 4% og endurborgun á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu ...		15168,50
5. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr.		4080,00
6. 5% lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára, 500000 kr.		21570,37
7. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði i skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára og viðbótarlán, 200000 kr., tekið 1923, vextir ¹ / ₂ % hærri en forvextir þjóðbankans danska		45000,00
8. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr. ...		3672,00
9. Lán til Landsverslunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 miljón kr.		24500,00
10. Lán hjá ríkissjóði Dana, tekið 1. des. 1918, með 5% vöxtum, 2 ¹ / ₂ milj. kr.		50000,00
11. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919		

Flyt ... 207397,11

	kr.	kr.
Flutt ...	207397,11	
með 5 ^o /o vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 miljón kr.	50000,00	
12. Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 með 5 ^o /o vöxtum til 20 ára, 4 ^{1/2} milj. kr.	168750,00	
13. Innlent lán 1. júlí 1920 með 5 ^{1/2} ^o /o vöxtum, til 20 ára, 3 miljónir kr.	132000,00	
14. Enska lánið 1. sept. 1921, með 7 ^o /o vöxtum, £ 130249-15-9. £ 8901-8-3 á kr. 30,00	267042,37	
15. Gengismunur á dönskum vöxtum, íslenskar kr. 343895,11 á 15 ^o /o	51584,26	
16. Lán hjá Landsbankanum, 500000 kr., tekið 2. jan. 1918, til Landsverslunar, bankavextir	35000,00	
17. Lán hjá landhelgissjóði, 600000 kr., tekið 1921 og 22, með 5 ^o /o vöxtum	30000,00	
18. Reikningslán silfurbergsmáanna, tekið i Lands- banka, 70000 kr.	4900,00	
		946673,74
II. Afborganir:		
1. Af láninu frá 1909	50000,00	
2. — — — 1912	8333,34	
3. — — — 1912	33333,33	
4. — — — 1913	13822,52	
5. — — — 1916	4000,00	
6. — ritsímaláni frá 1917	10782,97	
7. — skipakaupaláni	200000,00	
8. — ritsímaláni Landsbankans 1918	3400,00	
9. — Íslandsbankaláni 1918	100000,00	
10. — láni danskra banka 1919	225000,00	
11. — innlenda láninu 1920	150000,00	
12. — enska láninu 1921 £ 1707-5-2 á kr. 30,00	51217,75	
13. Gengismunur á dönskum afborgunum, ísl. kr. 541272,16 á 15 ^o /o	81190,82	
		931080,73
III. Framlag til Landsbankans, 12. greiðsla		100000,00
		Kr. 1977754,47

Auk fyrri lána eru tekin hjer upp þessi lán.

a. Lán hjá Landsbankanum ¹/₂ miljón króna, tekið 1918 til Landsverslunarinnar. Lán þetta var tekið til 2 ára, og hefir ekki verið tekið upp í undanfarandi fjárlagafrumvörp, af því búist var við, að það yrði greitt eins og búist var við, sbr. Alp.tíð. 1921, A. bls. 337.

b. Lán hjá Landhelgisjóði, tekið 1921 og 22, aðeins til bráðabirgða, en eins og nú stendur þykir ólíklegt, að það verði greitt í árslok 1924.

c. Sama er að segja um lán tekið til reksturs silfurbergsnámana, að óvíst þykir að það greiðist á næsta ári.

Þá hefir það þótt rjett, að tilfæra undir sjerstökum lið gengismun, og er þá dönsk króna reiknuð á 1 kr. og 15 aura og sterlingspund á 30 krónur, en auðvitað getur þetta gengi breyst, en það er þinginu þá auðgefið að laga, þegar að því kemur.

Um 8. gr.

Borðfje hans hátignar konungsins er lögákveðið. Væntanlegur gengismunur er tilfærður í 19. gr.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður fyrir árið 1922 nam 205,000 kr., og fyrir árið 1923 varð hann um 244000 krónur. Þar sem nú bæði dýrtíðaruppbótin lækkar og búast má við, að alþingi standi skemur en áður, einkum af því að þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir neinum verulegum framkvæmdum, og gjaldabálkurinn því lítið annað en lögboðnir liðir, þykir nægilegt að áætla upphæðina 170 þús. kr. Þess virðist líka mega vænta, að alls sparnaðar í mannahaldi verði gætt.

Þóknun til yfirskoðunarmanna er tekin upp óbreytt frá því, sem nú er, 1000 kr. til hvers ásamt dýrtíðar uppbót, sem hjer eins og allsstaðar er áætluð 50 %.

Um 10. gr.

A.

1. a—b. Þessir liðir eru lögákveðnir.
2. Liðurinn er óbreyttur.
3. Þessi liður er lögákveðinn.
4. Annar kostnaður er færður niður um 2 þúsund krónur vegna væntanlegrar verðlækkunar.
5. Laun ríkisfjehirðis með uppbót er 5700 krónur, önnur laun eru áætluð 8000 kr., og 2500 kr. til skrifstofuhalds.
6. Þessi liður er óbreyttur.

B.

- 1—2. Liðirnir eru lögákveðnir.
- 3—6. Þessir liðir eru allir lækkaðir nokkuð, bæði vegna þess, að gera má ráð fyrir, að prentun og pappír verði ódýrara en nú er, og að því er 5. lið snertir, þá má telja sennilegt, að sá liður lækki eitthvað, þar sem hagstofan nú hefir fengið ný húsakynni.
7. Er óbreyttur.

C.

1. a—d. Liðirnir eru óbreyttir.
2. Samningsbundinn liður. Óbreyttur.

3. Óbreyttur. Gengismunur við þessa útgjaldaliði er talinn í 19. gr.
4. Liðurinn er hækkaður um 4,500 kr. með því fundur verður þá haldinn í Kaupmannahöfn. Verður að álíta að sú upphæð nægi til ferðakostnaðar.

Um 11. gr.

1. a.—b. Lögákveðin laun.
- c. Óbreyttur.
2. og 3. Launin lögákveðin. Lækkunin stafar af því, að gert er ráð fyrir minni dýrtíðaruppbót.
4. a. Liðurinn er lækkaður sem svarar dýrtíðaruppbótinni.
5. a. Liðurinn er óbreyttur, að öðru leyti en því, að dýrtíðaruppbótin er lækkuð.
- b. Sömuleiðis.
- c. d. og e. eru óbreyttir.
6. Liðurinn óbreyttur.
7. Upphæðin er færð niður um 1000 krónur vegna væntanlegs verðfalls á kolum.
8. Liðurinn er óbreyttur.
9. Sömuleiðis.
10. Færður niður um 1000 kr. eða eins og útgjöldin reyndust 1922.

Við B.

1. a.—c. Er látið halda sjer, nema b-liður er lækkaður um 2000 kr. vegna verðlækkunar.
2. a. Þessi liður er óbreyttur, og má ekki eftir fyrri ára reynslu vera lægri.
- b. Liðurinn er lækkaður um 10 þús. kr. því enginn vafi er á því, að of mikið hefir verið gert að símskeytasendingum og símtölum, og hefir iðulega verið brýnt fyrir embættismönnum að nota ekki embættaskeyti, nema óhjákvæmilegt væri. Má því búast við, að þessi útgjöld lækki að mun. Það eru ýmsir, sem líta svo á, að hjer sje einungis um það að ræða, að láta úr einni hendinni í aðra, en það er misskilningur, eins og hægt er að sýna og sanna.
3. Þessi liður er hækkaður upp í 10 þús. kr., og er þó sennilega of lágt áætlaður samt, eftir fyrri ára reynslu.
4. og 5. eru óbreyttir.
6. Er sömuleiðis látinn halda sjer, en hinsvegar skal það tekið fram, að stjórnin lítur svo á, að þetta sje áætlunarliður og megi því fara fram úr upphæðinni ef þörf krefur.
7. liður er óbreyttur.

Um 12. gr.

1. Launin eru talin samkvæmt launalögunum með uppbót.
2. Liðurinn óbreyttur.
3. 5000 kr. virðist nægur styrkur til þess að gera afskektum hreppum ljettara fyrir að ná í lækni og virðist rjett að stjórnin ákveði, hvaða hreppar njóti styrks, og hve mikils styrks hver hreppur njóti.

4. Liðurinn er óbreyttur.

5.—7. Styrkirnir eru óbreyttir.

8. Vegna almennrar lækkunar er þessi liður færður niður um 1000 kr., en annars hafa engar skýrslur borist stjórninni um rekstur geislalækningastofunnar.

9. Upphæðin er óbreytt.

10. Holdsveikraspítalinn. Einstaka liðir B. 1, 8, 9, 11 og 13 eru lækkaðir lítið eitt, sumir eftir beinum tillögum læknisins.

11. Geðveikrahælið á Kleppi: Allir liðirnir eru óbreyttir. Læknirinn áætlaar reyndar talsvert hærra til ljóss og hita, en hjer er gert, og sama gerði holdsveikralæknirinn, en það þykir mjög sennilegt, að eldiviðarefni muni fara heldur lækkandi og þykir því ekki ástæða til að hækka liðinn.

12. 1. Þessi upphæð er færð upp í 100000 kr., og hrekkur þó hvergi til, verði lögnum haldið óbreyttum, þar sem útgjöldin á þessum lið nú (í lok desbr. 1923) eru orðin yfir 200000 kr. En það liggur í augum uppi, að ríkissjóður er enganveginn fær um að rísa undir slíkri byrði, stjórnin hefir því ráðgert að koma með breytingu við lög nr. 43, 27. júní 1921 um varnir gegn berklaveiki, sem hefir í för með sjer mikla útgjaldalækkun á þessum lið. Þó óvíst sje um örlög þess frumvarps, er upphæðin sett eins og hjer er gert, en verði engin breyting á nefndum lögum, verður að minsta kosti að þrefalda upphæðina.

2. Heilsuhælið á Vífilstöðum. Læknirinn hefir farið fram á allverulega hækkun á flestum liðum, einkum 3., 4., 5. og 6. lið, og gerir ekki ráð fyrir neinni verðlækkun. Af ástæðum sem áður hafa verið teknar fram, er engin til-tök að hækka einstaka liði, þeir eru látnir standa óhaggaðir. Þessir 3 spítalar verða að sýna alla sparneytni, eins og þjóðin í heild sinni, til þess að komast yfir þær örðugu ástæður, sem nú eru fyrir hendi.

13. Liður á fjárlögnum fyrir 1924 er feldur niður.

14. a. Vegna hins örðuga fjárhags er styrkurinn færður niður í 15000 kr.
b.—f. Óbreyttir liðir.

Liðurinn h. í fjárlögnum 1924 þykir mega falla niður að þessu sinni.

g.—n. Þessir liðir eru óbreyttir.

14. Þessi liður er áætlaður 22000 kr.

Um 13. gr.

A. Póstmál.

1. a. Launin eru lögákveðin, og eru sett eftir því sem næst verður komist með dýrtíðaruppbót. Að launin hafa hækkað frá því sem er á fjárlögnum fyrir 1924, stafar af því, að laun flestra póstmanna hafa hækkað samkvæmt ákvæðum launalaganna, eftir embættisaldri þeirra.

b. Upphæðin er óbreytt, en upphæðin hrekkur þó því að eins, að ekki verði bætt við póstafréiðslumönnum.

c. Þessi liður er hækkaður um 4000 kr. vegna þess, að búið er að bæta á brjefhirðingarnar innheimtu á innlendum póstkröfum. Hafa því komið fram kröfur frá þeim um launahækkun, og sumir hafa jafnvel farið fram á, að launin sjeu tvöfölduð.

2. Upphæðin er látin halda sjer. Að vísu hefir aðalpóstmeistari farið fram á, að hún yrði hækkuð um 10000 kr., með því altaf sje verið að bæta við póstferðum, en þar sem ætla má, að hægt verði farið í að auka þær, meðan stöðva verður framkvæmd á öllum nauðsynlegum framkvæmdum í landinu, og með því dýrtíðin fer minkandi, og fastlega má vænta þess, að hún verði talsvert minni 1925, þykir ekki ástæða til að hækka upphæðina.

3. a.—d. Liðirnir eru óbreyttir. Aðalpóstmeistari telur þá of lága, einkum liðinn d., en þar sem að spara verður á öllum sviðum, verða upphæðirnar á þessum liðum að nægja.

B. Vegamál.

I. 1. og 2. Launin eru lögákvæðin.

3.—5. 2 síðustu liðirnir eru lækkaðir eftir tillögum vegamálastjóra.

II. Það er að vísu ekkert hægt nú, þegar þetta er ritað (um mánaðamótin nóvember og desember), að vita hvernig útkoma ársins 1923 verður. Á sjálfum fjárlögum eru áætlaðar liðugar 100 þús. kr. tekjuhalli; þar við bætast útgjöld samkvæmt sjerstökum lögum, svo sem til Flóaáveitu, fyrirhleðslu fyrir Djúpós og fl., alls ekki minna en um 400 þús. kr., og samkvæmt fjáráukalögum um $\frac{1}{2}$ miljón, eða alls um 1 miljón króna. Þetta er sú lægsta upphæð, sem ætla má, að tekjuhallinn fyrir 1923 nemi, en sennilega verður hann miklu meiri. Það er auðsætt, að svo getur ekki gengið ár eftir ár, að ávalt sje mikill tekjuhalli. Það verður að komast jöfnuður á milli tekna og gjalda. Nú er vart til þess hugsandi, að auka skattana að neinum mun, þeir munu þykja fullháir fyrir. Mikið af gjöldunum í fjárlögum eru lögboðin, og því ekki hægt að draga úr þeim, og þó einhverjum embættum yrði fækkað, sem vissulega mætti, þá kemur sá sparnaður ekki fram þegar í stað. Jöfnuðinn verður því að fá með því að spara útgjöldin, og þá verður ekki um annað að gera en að ráðast á verklegu fyrirtækin, enda munar mest um þau. Stjórnin hefir þess vegna tekið það ráð að leggja niður allar verklegar framkvæmdir árið 1925, og segir það sig þá sjálf, að fjelög þau, sem njóta mikils styrks úr rikissjóði, svo sem Búnaðarfelagið og Fiskifjelagið verða líka að takmarka bæði mannahald og framkvæmdir, og yfir höfuð að tala verður sparnaður að koma fram á öllum sviðum. Af þeirri viðleitni stafar sparnaður eða niðurfærsla útgjaldanna, þótt þess kunni ekki að vera getið sjerstaklega.

Samkvæmt þessu er felt niður tillag til áframhalds byggingar flutningabrauta, en aðeins gert ráð fyrir viðhaldi þeirra, því það er alveg auðsætt, að það má ekki falla niður. Á fjárlögum fyrir 1924, er gert ráð fyrir 44,000 kr. + 20,000 til Holtavegar sjerstaklega, eða alls 64,000 kr. Vegamálastjóri leggur til, að veittar verði 100,000 kr. til viðhalds, en 75,000 þykir nægja, eða 11,000 kr. meira en 1924 og stafar hækkin af því fyrirheiti, sem gefið var á síðasta alþingi, að Holta- og Fagradalsvegurinn yrði að öllu leyti tekinn á rikissjóð.

III. Til viðhalds og umbóta þjóðvega er áætlað 50000 kr., og er það 10000 kr. hærra en á fjárlögum fyrir 1924, enda bættist við þjóðvegina, samkvæmt vegalagabreytingu á síðasta Alþingi, 230 km. langur kafli frá Húsavík, um

Axarfjörð, Pistilsfjörð og Vopnafjörð til Fossvalla, í stað þjóðvegur um Grimsstaði og Möðrudalsöræfi, sem var að mestu greiðfær reiðvegur.

IV. Þessi liður er til jafnaðar bifreiðarskattinum sbr. 2. gr. 22. Búist er við, að honum verði öllum eða að mestu varið til umbóta á Suðurlandsbraut.

V. Upphæðin er 4000 kr. lægri en í gildandi fjárlögum og þykir ekki fært að lækka hana meira.

VI. 1. Til áhalda er lækkað um 10000 kr. Skal upphæðinni varið til viðhalds og aðgerða en ekki til kaupa nýrra áhalda.

2. Upphæðin er óbreytt.

VII. Tillag til akfærra sýsluvega. Það þykir ekki fært að fella þennan lið alveg niður, en hann er lækkaður stórkostlega.

VIII. Hjer er um smáupphæðir að ræða og eru þær látnar halda sjer.

C. Samgöngur á sjó.

1. Til strandferða. Meðan Sterling var hjer strandferðaskip, verð tekjuhalli um 300000 kr. Tekjuhalli á strandferðaskipinu Esja er áætlaður 1923 liðug- ar 100 þús. kr., og þykir því ekki gerlegt að áætla lægri upphæð til strandferða en þetta. Yfirlit yfir kostnaðinn frá 1. apríl til 30. sept. sýnir tapið á hverri ferð.

2. Þessi styrkur verður að lækka í samræmi við það, sem alstaðar er gert, þar sem hægt er, og er áætlaður 60000 kr.

D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

1. Liðurinn er samningsbundinn.

II. Til viðauka símakerfa m. fl. Upphæðin er óbreytt, með því engin tók virðast til að lækka hana. Undir III. lið á fjárlögunum fyrir 1924 eru veittar 234400 kr. til nýrra símalagninga með þeirri athugasemd, að þær komi því að eins til framkvæmda, að útlit sje fyrir, að tekjur rikissjóðs hrökkvi fyrir gjöld- unum. Þar sem nú ekkert útlit var fyrir því, að tekjurnar leyfðu neinar nýjar línur n. á., ákvað ráðuneytið með brjefi til landssímastjóra dags. 16. októbr. 1923, að engur línur yrðu byggðar 1924, og sama gildir einnig árið 1925 af ástæðum þeim, sem margoft hafa verið teknar fram. Þessi liður fellur því alveg burtu í þessu frumvarpi, en það skal jafnframt tekið fram, að þegar aftur verður farið að byggja nýjar línur, þá verða þær 4 fyrstu á fjárlögunum 1924 að ganga fyrir öllum öðrum, Það verður að skoðast sem sameiginlegur vilji stjórnar og þings. Þar næst kemur stækkun og fullkomnun loftskeytastöðvarinnar í Reykjavík, sem kosta mun um 100000 kr. Ástæðan til þessarar stækkunar er sú, að sæsímaleyfi Mikla Norræna ritsímafjelagsins er á enda 26. ágúst 1926. Hvernig sambandinu verður þá hagað, er ekki unt að segja neitt um að svo stöddu, en svo mikið er víst, að það er alveg nauðsynlegt, að stækka og fullkomna loftskeytastöðina hjer, áður en samningaumleitaniir byrja á ný, því þá stöndum vjer miklu betur að vígi í þeim, en ella mundi.

III. 1. Launin eru talin samkvæmt launalögum að viðbættri venjulegri uppbót. Landssímastjórinn hefir farið fram á talsverða launahækkun fyrir flest- alla starfsmenn landssímans. En slík breyting á almennum launalögum, á fjár- lögunum, verður að teljast óháfa, og getur því þegar af þeirri ástæðu ekki kom-

E. S. »ESJA«.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld frá 1. apríl til 30. september 1923.

Ferð	Leið	Hafnir	Frá því	Til þess	Dagar alls	Útgjöld i ferðinni	Tekjur i ferðinni			Tap á ferðinni
							Flutn.gjöld	Fargjöld	Samtals	
1. ferð	Kaupmannah—Rvík.	»	8/4	19/4	15	19,896,05	8,421,03	2,299,50	10,720,53	9,175,52
2. —	Vestur og norður um	26	24/4	5/5	14	21,124,27	5,601,51	9,450,75	15,052,26	6,072,01
3. —	Suður og austur um	32	12/5	21/5	16	22,776,64	4,709,18	8,546,00	13,255,18	9,521,46
4. —	Vestur og norður um	42	24/5	4/6	14	21,401,09	7,488,28	9,033,50	16,521,78	4,879,31
5. —	Suður og austur um	41	9/6	19/6	15	21,118,61	6,667,70	12,636,50	19,304,20	1,814,41
6. —	Vestur og norður um	37	28/6	4/7	15	20,535,15	4,704,13	8,914,00	13,618,13	6,917,02
7. —	Suður og austur um	42	8/7	21/7	17	23,063,45	4,487,15	8,727,50	13,214,65	9,848,80
8. —	Vestur og norður um	41	24/7	6/8	16	23,052,76	8,914,80	8,309,00	17,223,80	5,828,96
9. —	Suður og austur um	12	8/8	15/8	9	12,919,16	2,440,44	6,994,00	9,434,33	3,484,83
10. —	Suður og austur um	13	18/8	25/8	9	13,274,11	3,275,55	7,748,00	11,023,55	2,250,56
11. —	Vestur og norður um	38	1/9	16/9	23	29,652,08	7,433,04	7,173,00	14,606,04	15,046,04
12. —	Suður og austur um	33	19/9	20/9	14	19,832,05	7,363,95	11,000,50	18,364,45	1,467,60
Alls:						248,645,42	71,506,65	100,832,25	172,338,90	76,306,52

ið til mála, enda verður ekki fallist á það, að kjör talsímastúlkanna yfirleitt sjeu lakari en annara starfsmanna ríkisins. Væri farið að bera fram breytingar við launalögin mundi það sannast, að þær gengju í þá átt að lækka launin, en ekki hækka. Þá hefir landssímastjóri farið fram á að fjölga eiginlegum starfsmönnum, og enn fremur símastúlkum, bæði við landsímamann og hægjarsíma Reykjavíkur, en til þessa virðist ekki ástæða. Landssímastúlkum hefir verið fjölgað og hægjarsímanum alveg nýlega verið komið í það horf, að engin aukning geti verið nauðsynleg 1925.

2. Þessi liður er færður niður um 1000 kr.

3. Þessi liður er lækkaður um 2000 krónur, vegna þess að viðhald húss, ljós og hiti virðist óþarflega hátt áætlaður af landssímastjóra.

4. Þessi liður er óhaggaður.

5. Þessi liður er óbreyttur. Þessi skal getið, að landssímastjóri telur undir þessum lið laun hægjarsímastjóra, en hann er hvergi lögheimilaður og verða því ekki talin laun til hans. Um neina nýja aukning nú bráðlega virðist naumast geta verið að tala, sbr. 6. í gildandi fjárlögum.

6.—18. eru óbreyttir nema 10., 11. og 12. eru lækkaðir lítilsháttar með því of mikið virðist áætlað til viðhalds húsa, ljóss og hita, og 12. liður er hækkaður eftir tillögum landsímastjóra.

IV. liður er færður niður um 5000 kr. með tilliti til lækkunar á prentun og pappír.

V.—VIII. Óbreyttir liðir.

E. Vitamál.

I. Launin eru lögákveðin. Til skrifstofuhalds er áætlaðar 3000 kr., lækkað að hjer um 500 kr., enda vitamálastjóra ætlaður bústaður í Landsbankahúsinu.

II. Upphæðin er óbreytt. Að vísu munar dýrtíðaruppbót þeirra vitavarda, sem standa á fjárlögunum um 400 kr., en þeirri upphæð leggur vitamálastjóri til að verði varið til upphótar einstakra vitavarda, og virðist það sanngjörn krafa.

III. Óbreyttur liður, en er þó að áliti vitamálastjóra of lágur.

IV. og V. Óbreyttir.

Vitamálastjóri hefir lagt til, að varið verði til vitabyggingar árið 1925, 60 þúsund kr., en af ástæðum þeim, sem þegar hafa verið teknar fram, verða nýjar vitabyggingar að bíða, eins og aðrar verklegar framkvæmdir.

Við 14. gr.

A. Andlega stjettin.

a. 1. Launin eru lögákveðin.

2. Liðurinn óbreyttur.

b. 1—2. Óbreyttir liðir.

3. Laun presta með dýrtíðaruppbót nema um 370000 kr. Þar frá dregst:

a. Sóknartekjur áætlaðar 75000

b. Aðrar tekjur prestlaunasjóðs 85000

160000

Verða þá framlög til sjóðsins 210000.

4. Óbreyttur liður.

5. liður á fjárlögum fyrir 1924 til húsabóta á prestssetrum. Styrkurinn virðist mega falla niður að þessu sinni.

B.

I. Háskólinn. f-liðurinn á fjárlögum 1924 er feldur niður eftir tillögum háskólaráðsins; aðrir liðir eru óbreyttir, nema að því er dýrtíðaruppbótarlækkun snertir.

II. Óbreyttur liður, en skilyrðum fyrir úthlutun styrksins er breytt.

III. a. Launin eru lögákveðin.

b. Liðirnir eru allir óbreyttir, nema 4. liður til tímakenslu hækkaður um 3000 kr., eftir tillögum rektors, en reyndar hefir hann farið fram á meiri hækkun, en skólar og stofnanir verða líka að spara eins og aðrir. 11. liður í núgildandi fjárlögum er feldur niður eftir tillögu rektors; áhöldin verða greidd af 3. lið.

IV. a. Launin eru lögboðin.

b. 1.—8. Óbreyttir.

V. a. Lögboðin laun.

b. 1.—6. Óbreyttir.

VI. Stýrimannaskólinn. Allur liðurinn óbreyttur, nema dýrtíðaruppbótin lækkuð á a-lið.

VII. Vjelstjóraskólinn. Óbreyttur að öðru leyti en dýrtíðarlækkun.

VIII. 1. Bændaskólinn á Hólum.

a. Lögboðin laun.

b. Óbreyttur.

c. 1—4. Sömuleiðis óbreyttir.

2. Bændaskólinn á Hvanneyri.

a. Launin samkvæmt launalögum.

b. og c. óbreyttir.

3. Eiðaskóli.

a. Launin samkvæmt launalögum.

b og c. óbreyttir.

IX. Iðnfræðsla. Liðirnir a--c eru óbreyttir.

X. Liðirnir eru óbreyttir.

XI. Yfirsetukvennaskóli. 3. liður er lækkaður um 1000 kr. og 4. liður hækkaður um 300 kr., hvorttveggja eftir tillögum landlæknis.

XII. Kvennaskólar. Liðirnir eru óbreyttir.

XIII. 1. a. Lögákveðin laun.

b. Liðurinn óbreyttur.

2. Laun kennara. Lækkunin á þessum lið er miðuð við uppbótina, en er að nokkru leyti áætluð eftir kennarafjölda.

3. Þessi liður er lækkaður um 1000 kr.

4—6. liðir eru óbreyttir.

7. og 8. liður verða að falla niður að þessu sinni sökum hins óhæga fjárbags.

XIV. 1. Þessi liður er af sömu ástæðu lækkaður um 5000 krónur.

2 og 3. Óbreyttir liðir.

XV. Sömuleiðis.

XVI. Liðurinn óbreyttur að öðru leyti en því, að styrkurinn til Lárusar Bjarnasonar fellur niður.

XVII. Málleysingjakensla. Sömuleiðis óbreyttur liður.

XVIII—XX. Liðirnir eru óbreyttir, nema XIX.2. og XX., sem eru settir niður með tilliti til dýrtíðarlækkunar hjá öllum starfsmönnum.

Um 15. gr.

1. Landsbókasafnið. Á þessum vandræðatímum virðist útgáfa handritaskrár vel geta beðið (e-liður í nágildandi fjárlögum), og safnið komist af með 8000 kr. til bókaakaupa, og eru breytingar samkvæmt þessu gerðar hjer. Þá er og liðurinn h færður niður um 100 kr., eftir tillögum landsbókavardar.

2. Þjóðskjalasafnið. Af sömu ástæðu virðist mega fella niður að þessu sinni liðinn d í nágildandi fjárlögum, og sömuleiðis c. enda er langt síðan nokkur skrá hefir komið út.

3. Þjóðmenjasafnið. Liðirnir a—g eru óbreyttir. Liðurinn h í gildandi fjárlögum er feldur niður.

4—8. Óbreyttir liðir.

9. Sömuleiðis; að öðru leyti en því að b. fellur niður.

10. Þjóðvinafjlaginu eru ætlaðar 1000 kr. Eins og nú hagar til, er ekkert viðlit að verja stórfje til nýrra fræðirita.

11.—24. Óbreyttir liðir.

25. a. Launin eru tilfærð með dýrtíðaruppbót.

b. Þessi liður er færður niður í 1000 kr.

26—46. Allir þessir liðir eru óbreyttir. Þeir liðir í gildandi fjárlögum, sem voru endanlegir styrkir eru auðvitað feldir burtu.

Um 16. gr.

1. Búnaðarfjlag Íslands hefir farið fram á 180000 kr. tillag til fjelagsins árið 1925. Það segir sig nú sjálft, að ef nauðsynlegt þykir að draga úr öllum framfara og atvinnubótum í landinu, getur Búnaðarfjlagið, sem hefir nálega allar sínar tekjur úr ríkissjóði, ekki fært sig út nje einu sinni haldið í sama horfi og fyr. Því er þess vegna áætlaður 130000 kr. styrkur í þessu frumvarpi, og er það vissulega engum órjetti beitt í samanburði við styrk til annara fyrirtækja.

2. Þessi liður er látinn óbreyttur standa.

3. Pennan lið þykir ekki fært að lækka neitt.

Í rauninni er nauðsynlegt að áætla hjer einhverja upphæð, og hana eigi allsmáa, út af ræktunarlögunum nýju, en af því að þau eru ekki komin að neinu leyti til framkvæmda enn, er ómögulegt nú að gera sjer neina grein fyrir þeim gjöldum. Það verður því að bíða væntanlegra fjárukalaga fyrir 1925.

4. Óbreyttur liður.

5. a. Samkvæmt launalögum.

b. Lækkaður um 2000 krónur.

6. Þótt samningar um framhald landmælinga geti komist á, þykir rjett að fresta framkvæmdum þeirra, þangað til betur byrjar.

6. a. Launin er lögákveðin.

b. og c. eru óbreyttir.

7—10. Óbreyttir liðir.

11. Fiskifjelagið. Um það er sama að segja og Búnaðarfelagið, að það verður að stöðva framkvæmdir að nokkru leyti og er því styrkurinn til þess færður niður um 10 þús. krónur.

12. a.—d. Launin eru lögbundin eða samningsbundin og dýrt. uppbót aukið við.

e. Óbreyttur.

13. Þótt mikið hafi verið unnið að því undanfarið að útvega markað fyrir íslenskar afurðir erlendis, þykir ekki tjá að fella þennan styrk alveg niður.

14. Óbreyttur.

15. Þessi styrkur er lækkaður um 4000 kr. Um sambandið liggja reyndar engar skýrslur fyrir, en það virðist þó ekki verða hjá því komist að veita því styrk. Fyrri hluta athugasemda er slept, því það mun hafa verið bráðabirgða-veiting, enda engin beiðni um endurnýjun komið fram.

16—22. Óbreyttir liðir.

23. Samningsbundinn liður.

24—26. Óbreyttir liðir.

Með því lagt verður fyrir alþingi 1924 frumvarp um að leggja niður lög-gildingarstofuna, er 29. liður í gildandi fjárlögum feldur niður.

27. Óbreyttur.

28. Launin talin samkvæmt launalögunum.

29. Til hjörgunarskipisins Þór er áætluð sama upphæð, sem á fjárlaga-frumvarpinu fyrir 1924 eða 20000 krónur.

30—31. Óbreyttir liðir.

32. Liður í gildandi fjárlögum er feldur niður af ástæðum þeim, sem nú skal greina. Ráðuneytinu þótti lítil brögð að framkvæmdum leiðbeinandans í húsagerð, er þó naut ríflegra launa, auk ferðastyrks. Honum var því skrifað á síðastliðnu vori, og hann spurður um, hvernig hann hygðist að haga störfum sínum á þá yfirstandandi ári, en því brjefi hefir hann alls ekki svarað. En í munnlegu samtali, er atvinnumálaráðherra átti við hann snemma sumars, tjáði hann leiðbeinanda, að ef hann rækti ekki störf sín betur en nú væri, mundi hann sviftur styrknum. Í desembermánuði var honum svo tjáð, að lagt hefði verið fyrir ríkisfjehirði að hætta að borga honum launin út frá 1. apríl 1924.

Um 17. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 18. gr.

Skrá um eftirlaun þau, sem um ræðir í I a—d. er prentuð aftan við frumvarpið.

II. Óbreytt í aðalatriðum. Bætt er við styrk til Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar Þórðarsonar á Siglunesi 300 kr. Þórður hafði verið vitavörður undir 15 ár og rækt það starf með miklum dugnaði að vitni vitamálastjóra. Hann ljét eftir sig ekkju og 6 börn, en lítil efni, og þykir því ástæða til að veita henni dálítil eftirlaun, eins og mörgum öðrum ekkjum eftir starsfmennt landsins.

Ennfremur er samkvæmt tillögum biskups bætt við viðbótareftirlaunum til þriggja prestsekkna. Eru þær ekkjur eftir presta eftir eldri launalögum og eru upphæðirnar settar til þess eftirlaunin nái 300 kr.

Um 21. gr.

Eins og fjárhag landsins er varið, getur ekki komið til mála, að hægt sje að veita lán úr viðlagasjóði eða rikissjóði. Og í rauninni hafa engin tiltök verið til þessa hin síðari árin, þótt heil runa af lánnum hafi allajafna staðið á fjárlögunum. Það er gjörsamlega meiningarlaust, að um leið og ríkið þarf sjálft á lánnum að halda, skuli þingið heimila því að lána út stórfje, stundum til vafasamra fyrirtækja, og það gegn lægri vöxtum, en ríkið sjálft verður að svara.

Að þessu sinni eru því allar lánsheimildir feldar burtu nema þrjár hinar fyrstu, en lásupphæðin færð talsvert niður í hverri grein. Það þykir ekki gerlegt að fella þessi lán alveg niður, því þau hafa gert mikið gagn.

Um 22. og 23. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna í árslok 1923.

	kr.	kr.
A. Embættismenn:		
1. Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu (konungsráskurður ¹² / ₆ 1899)	1601,40	
2. Júlíus Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjéraði (konungsráskurður ¹⁹ / ₄ 1906)	1133,33	
3. Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsráskurður ⁹ / ₄ 1907)	641,91	
4. Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri	1440,00	
5. Marínó Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu (konungsráskurður ³⁰ / ₁₁ 1908)	1008,00	
6. Helgi Guðmundsson, hjeraðslæknir í Siglufjarðarhjéraði (konungsráskurður ¹ / ₁₁ 1910)	1000,00	
7. Axel Valdimar Tulinius, sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsráskurður ¹ / ₇ 1911)	1876,62	
Flyt ...	8701,26

	kr.	kr.
Flutt ...	8701,26	
8. Eiríkur Briem, 1. kennari við prestaskólann (konungsúrskurður ^{30/10} 1911)	1737,78	
9. Ásgeir Blöndal, hjeraðslæknir í Eyrarbakkahjéraði (konungsúrskurður ^{26/8} 1914)... ..	1000,00	
10. Bjarni Jensson, hjeraðslæknir í Síðuhjéraði (konungsúrskurður ^{17/2} 1914)	1000,00	
11. Sigurður Þórðarson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (konungsúrskurður ^{7/10} 1914)	2276,70	
12. Björn G. Blöndal, hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjéraði (konungsúrskurður ^{28/7} 1915)... ..	875,00	
13. Sigurður Ólafsson, sýslumaður í Árnessýslu (konungsúrskurður ^{30/7} 1915)	2571,35	
14. Davíð Scheving, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjéraði (konungsúrskurður ^{2/8} 1914)	1266,67	
15. Guðmundur Eggerz, sýslumaður í Árnessýslu	1558,52	
16. Skúli Árnason, hjeraðslæknir í Grímsneshjéraði... ..	800,00	
17. Jón Magnússon, ráðherra	6000,00	
18. Magnús Guðmundsson, ráðherra	1060,00	
19. Jón Jónsson, læknir	991,67	
20. Magnús Sæbjörnsson, læknir	600,00	
21. Sigurður Magnússon, læknir	963,33	
22. Sigvaldi Kaldalóns, læknir	560,00	
		31962,28
B. Embættismannaækkjur og börn:		
1. Camilla Tómasson, ekkja Þórðar Tómassonar hjeraðslæknis, frá ^{1/12} 1873	197,00	
2. Kristjana Hafstein, ekkja Pjeturs Hafsteins amtmanns, frá ^{1/7} 1875... ..	529,16	
3. Elinborg Thorberg, ekkja Bergs Thorbergs landshöfðingja, frá ^{1/2} 1886	919,17	
4. Kristín Skúladóttir, ekkja Boga Pjeturssonar hjeraðslæknis, frá ^{1/1} 1890	187,50	
5. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá ^{1/10} 1891... ..	750,00	
6. Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsen hjeraðslæknis, frá ^{1/8} 1891	187,50	
7. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá ^{1/1} 1894	350,00	
Flýt ...	3120,33	31962,28

	kr.	kr.
Flutt ...	3120,33	31962,28
8. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar hjerads-læknis í 4. læknishjeraði, frá $\frac{1}{8}$ 1894... ..	305,00	
9. Þrjúður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá $\frac{1}{11}$ 1895	430,80	
10. Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvalda-sonar hjeradsisæknis, frá $\frac{1}{6}$ 1896	187,50	
11. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns, frá $\frac{1}{1}$ 1905	625,00	
12. Elín G. Blöndal, ekkja P. Blöndal hjeradslæknis ...	187,50	
13. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar hjer-ads-læknis	189,37	
14. Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving hjeradslæknis, frá $\frac{1}{2}$ 1909	187,50	
15. Elina Marine Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá $\frac{1}{1}$ 1910	875,00	
16. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar hjer-ads-læknis í Hróarstunguhjeraði, frá $\frac{1}{9}$ 1910	150,00	
17. Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar hjerads-læknis í Sauðárkrókshjeraði, frá $\frac{1}{11}$ 1910	212,50	
18. Óliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guð-mundssonar, frá $\frac{1}{9}$ 1913... ..	560,83	
19. Johanne Margrethe Havsteen, ekkja Júlíusar amtmanns Havsteen, frá $\frac{1}{6}$ 1915... ..	750,00	
20. Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdóm-ara, frá $\frac{1}{7}$ 1915	500,00	
21. Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thoroddsen sýslu-manns, frá $\frac{1}{6}$ 1916	535,17	
22. Elín Stephensen, ekkja Magnúsar landshöfðingja Step-hensen, frá $\frac{1}{5}$ 1917	1166,67	
23. Sofía Johnsen, ekkja fyrirv. hjeradslæknis Þorgríms Johnsen, frá $\frac{1}{9}$ 1917	321,53	
24. Þórunn Stefánsdóttir, ekkja fyrirv. kennara síra Jónas-ar Jónassonar, frá $\frac{1}{10}$ 1917	200,00	
25. Guðný Bjarnarson, ekkja fyrirv. sýslumanns Björns Bjarnarson, frá $\frac{1}{1}$ 1919	350,00	
26. Ragnheiður Vigfúsdóttir, ekkja Sigurðar Sigurðssonar hjeradslæknis í Dalahjeraði	187,50	
27. Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndal hjeradslæknis í Borgarfjarðarhjeraði	187,50	
Flyt ...	11229,70	31962,28

	kr.	kr.
	11229,70	31962,28
Flutt ...		
28. Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, trá $\frac{1}{8}$ 1920 kr. 340,00		
Samkv. konungsráðgjafi $\frac{12}{11}$ 1920, handa		
Jóni Þórði f. $\frac{15}{1}$ 1913 — 100,00		
	440,00	
29. Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonarr yfir kennara	450,00	
30. Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar hjerðslæknis í Reykhólahjæraði	187,50	
31. Steinunn Frimannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri	715,82	
32. Anna Danielsson, ekkja hæstarj.d. Halldórs Danielss.	859,37	
33. Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar læknis	187,50	14069,89
C. Uppgjafaprestar:		
1. Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405,28	
2. Jón Magnússon, prestur að Ríp, frá fardögum 1904	230,00	
3. Páll Sivertsen, prestur að Stað í Aðalvík, frá fard. 1906	477,73	
		1113,01
D. Prestsekkjur:		
1. Anna Kristjánsdóttir frá Þórðsstað	100,52	
2. Ásta Þórarinsdóttir frá Grenjaðarstað	170,00	
3. Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
4. Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
5. Camilla S. Briem frá Hruna	129,43	
6. Elín Scheving frá Vogsósum	100,00	
7. Guðriður Pjetursdóttir frá Höfða	114,63	
8. Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
9. Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergstöðum	107,54	
10. Guðrún Jónsdóttir frá Koltreyjustað	183,78	
11. Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal	100,00	
12. Guðrún Pjetursdóttir frá Görðum	314,81	
13. Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
14. Halldóra Hallgrímsdóttir frá Görðum á Akranesi ...	154,25	
15. Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólstað	158,95	
16. Hansína Þorgímsdóttir frá Þingeyrum	129,06	
17. Iugibjörg Sigurðardóttir frá Kálfatjörn	146,10	
18. Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101,55	
Flyt ...	2445,02	47145,18

	kr.	kr.
Flutt ...	2445,02	47145,18
19. Jóhanna S. Jónsdóttir frá Viðvík	150,00	
20. Kristín Sveinbjarnardóttir frá Holti	181,40	
21. Lilja Ólafsdóttir frá Breiðabólstað	118,43	
22. Margrjet Erlendsdóttir frá Stafafelli	117,25	
23. Margrjet Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
24. Ragnheiður H. Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131,36	
25. Ragnheiður Pálsdóttir frá Tjörn á Vatnsnesi	118,60	
26. Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindahólum	101,81	
27. Sesselja Þórðardóttir frá Skinnastað	127,73	
28. Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	188,06	
29. Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,26	
30. Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík... ..	104,16	
31. Þórey Kolbeins frá Staðarbakka	115,53	
32. Þórunn S. Pjetursdóttir frá Heydölum	204,48	
33. Valgerður Jónsdóttir frá Völlum í Svarfaðardal... ..	142,00	
34. Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
35. Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
36. Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
37. Sigríður Gísladóttir frá Mosfelli í Grimsnesi	147,50	
38. Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði ..	184,36	
39. Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli	90,80	
40. Valgerður Gísladóttir frá Mosfelli	123,44	
41. Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
		5555,30
Samtals	52700,48